

# SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á KÖLDUM SVÆÐUM

Alþingi

Erindi nr. P 139/884

komudagur 10.12.2010

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 – REYKJAVÍK.

Reykjavík 9. desember 2010

1001019SA MKH/  
Málalykill: 173


## Efni: Endurgreiðsla virðisaukaskatts af húshitunarkostnaði

Á fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, sem haldinn var 1. desember sl., var fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, þar sem m.a. er lagt til að endurgreiðsla virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns verði feld niður. Ríkisstjórnin telur upphaflegar forsendur fyrir þessu endurgreiðslukerfi brostnar, en lagt er til að hitun húsa og laugarvatns á landsbyggðinni verði styrkt eftir nánari ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Endurgreiðslur þessar voru 216,8 m.kr. á árinu 2009. Eftirfarandi ályktun var gerð á fundinum:

*Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum mótmælir harðlega áformum ríkisstjórnar Íslands að fella niður endurgreiðslur virðisaukaskatts á húshitunarkostnaði, eins og stefnt er að í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana) á þingskjali 227 – 208. mál. lið 11c. Verði frumvarpið samþykkt mun breytingin ein og sér leiða til hækkunar á húshitunarkostnaði á svokölluðum köldum svæðum. Stjórn SSKS leggur áherslu á að komi til þessarar hækkunar á húshitunarkostnaði verði niðurgreiðslur auknar að sama skapi. Stjórnin bendir á að nú þegar er húshitunarkostnaðar í dreifbýli og þéttbýli á landsbyggðinni tvöfaldur til þrefaldur við það sem kostnaðurinn er á hitaveitukynntum landsvæðum.*

Virðingarfyllt

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á KÖLDUM SVÆÐUM



Magnús Karel Hannesson  
starfsmaður SSKS

Samrit: Fjármálaráðherra  
Iðnaðarráðherra